

## Könnunarleikur

Könnunarleikur nefnist á ensku "Heuristic Play with Objects". "Heuristic" er að uppruna gríska orðið "eurisko" sem þýðir **að uppgötva eða öðlast skilning á**. Þessi merking lýsir nákvæmlega því sem börnin eru að gera í þessum leik. Með því að nota þetta óvenjulega orð er vakin athygli á því hve leikur barnanna er merkilegur og mikil reisin yfir honum. Börnin starfa af eigin hvötum ef þau fá viðeigandi hluti sjálf og fyrir sig sjálf, án þess að fullorðnir stýri þeim.

Hlutirnir sem börnin fá í könnunarleik eru ekki venjuleg plastleikföng úr búð. Þetta eru alls konar hversdagslegir hlutir og ílát s.s. stórar dósir, kökubox, öskjur úr pappa eða tré, þvottaklemmur úr tré, ullardúskar, rör og pappahólkar, könglar, skeljar og margt, margt fleira. Það er ekki nýtt að börn leiki sér með það sem við köllum verðlaust efni en hér er á ferðinni sérstök útfærsla á því að nálgast efniviðinn með ákveðinn tilgang í huga.

Hinn fullorðni stýrir ekki leiknum, en lykilatríði í könnunarleikjastund er að hann sé til staðar og með vakandi áhuga. Leikur sem barnið stjórnar sjálft felur í sér eigin umbun, þar sem hrós og athugasemdir eru óþarfar.

Könnunarleikjastund getur staðið í allt að 45 mínútur en þriðjung af tímanum þarf að nota til að taka saman. Tíminn, sem fer í tiltekt, er jafn mikilvægur tímanum sem fer í leik og er í raun framlenging á leiknum. Á meðan á leiknum stendur talar hinn fullorðni ekkert en í tiltektinni nefnir hann hlutina sem hann vill að barnið setji í hvern poka, og notar þá hugtök eins og hringur, keila, lítill, stór, ýmis litahæiti, fyrir aftan, fyrir framan, undir, bakvið o.s.frv. Þessar stundir eru í miklu uppáhaldi hjá mörgum, nemendum sem og kennurum! 😊